



# Sjálfsmatsskýrsla

## Menntaskólans við Hamrahlíð

### Skólaárið 2021-2022



## Efnisyfirlit

1	Inngangur	1
2	Lýsing á starfsemi	1
2.1	Nemendur	2
2.1.1	Útskriftarnemar	2
2.1.2	Listdansskólarnir	3
2.1.3	Námstími nemenda	4
2.2	Skólasókn nemenda á vorönn 2022	6
2.2.1	Úrsagnir nemenda úr áföngum	7
2.3	Starfsfólk	8
2.3.1	Mannabreytingar	8
2.3.2	Starfsánægja í MH	8
2.3.3	Samstarf við aðra skóla	9
2.4	Húsnæði og aðbúnaður	9
2.4.1	Skrifstofa skólans	10
2.4.2	Bókasafnið	10
2.4.3	Matsalan Sómalía	10
2.5	Áfangaframboð	11
2.5.1	Áfangaframboð	11
2.6	Inna	11
2.7	Fjármál	11
2.8	Kennslukannanir	12
2.9	Nýnemar	13
2.9.1	Grunnskólaeinkunnir	15
2.9.2	Einkunnir í fyrstu áföngum í íslensku, ensku og stærðfræði.	16
2.10	Námsbrautir	17
2.10.1	IB-braut	18
2.10.2	Kjörgreinar á opinni braut	18
2.10.3	Fjölnámsbraut MH	19
2.11	Stöðumat	20
2.12	Náms- og starfsráðgjöf MH	20
2.13	Námsverið	22
2.14	Sálfræðingur	23
2.15	Umhverfismál	23
2.16	Græn skref	24
2.17	Persónuvernd í MH	24

2.18	Tölvu- og tæknimál	25
2.19	Skjalamál	25
2.20	Heimasíða	26
2.21	Jafnréttismál	26
2.21.1	Jafnlaunavottun	28
2.22	Heilsueflandi framhaldsskóli	28
2.23	Kynningarmál	28
2.23.1	Kynningarmiðlar	28
3	Covid-19 veturinn 2021-2022	29
3.1	Covid-reglur í MH haust 2021	29
3.2	Covid-reglur í MH vor 2022	29
4	Samantekt og umbætur	30
4.1	Verkefni skólaársins 2021-2022	30
4.2	Verkefni skólaársins 2022-2023	31
4.2.1	Aðgerðaáætlun til næstu þriggja ára	31

## 1 Inngangur

Menntaskólinn við Hamrahlíð er rótgróinn skóli, byggður upp af kraftmiklu starfsfólki og nemendum. Skólinn hefur starfað sem áfangaskóli frá 1972 og var fyrirmynd margra annarra framhaldsskóla sem tóku upp áfangakerfi. Við skólann starfa u.þ.b. 120 starfsmenn og nemendur eru rúmlega 1000. Brautir skólans eru 6 auk IB-alþjóðlegrar námsbrautar og fjölnámsbrautar. Fjölmennasta námsbrautin er opin braut með rúmlega 500 nemendur og náttúrufræðibraut fylgir á eftir með tæplega 200 nemendur. Á opinni braut velja nemendur sér sjálfir kjörgreinar. Þeir hafa frelsi til að hanna brautina eftir sínu áhugsviði, innan ákveðins ramma, sem hæfir undirbúningi þeirra fyrir frekara nám. Nám á listdansbraut og í tónlist er kennt í samstarfi við listdanskóla og tónlistarskóla. Haustið 2020 var hætt að innrita nemendur á sérstaka tónlistarbraut en áhugasömum tónlistarnemendum bent á opna braut með tónlist sem kjörgrein. MH er í samstarfi við Menntaskólann í tónlist en nemendur hans sækja almennt bóklegt nám í MH.

Áfangar skólans eru í stöðugri endurskoðun og þróun og fjölbreytni er mikil. Stytting náms til stúdentsprófs hefur í för með sér að fylgjast þarf vel með áfangaframboði og leggja þarf sérstaka áherslu á efri áfanga í tungumálum og raungreinum. Að undanfögnu hefur verið erfiðara að fá nemendur til að taka þessa áfanga þar sem í flestum tilfellum eru þeir valáfangar. Líkleg ástæða er að margir reyna að ljúka náminu á þremur árum, frekar en þremur og hálfu eða fjórum. Stór hópur nemenda kys þó að útskrifast með fleiri einingar en nauðsynlegt er til að vera betur undirbúinn fyrir frekara nám á háskólastigi.

Aðferðir við sjálfsmat í MH eru m.a. töluleg gagnarýni, almennar umræður á fundum kennara og starfsmanna, kannanir, skýrslur og úttektir. Að sjálfsmatinu koma margir aðilar innan skólans s.s. stjórnendur, kennarar, náms- og starfsráðgjafar, sálfræðingur skólans, kennari í námsveri, forstöðumaður bókasafnsins, skjalastjóri og annað starfsfólk. Yfirumsjón með sjálfsmati hefur konrektor.

Helstu áhersluatriði þessarar skýrslu, fyrir utan hefðbundnar upplýsingar, sem nær yfir skólaárið 2021-2022 eru:

- Starfsfólk
  - Jafnlaunavottun – viðhald kerfisins
  - Ýmiss konar fræðsla
- Umhverfismál
  - Græn skref 2 - 3
- Húsnæði
  - Húsbúnaður
  - Endurbætur sumarið 2022
- COVID-19
  - Haustið 2021, vor 2022
- Inna
  - Admin-Inna

## 2 Lýsing á starfsemi


Menntaskólinn við Hamrahlíð er framhaldsskóli í Reykjavík og starfar skv. *Lögum um framhaldsskóla nr. 92 frá 2008*.

Hlutverk skólans er, samkvæmt samningi við mennta- og menningarmálaráðuneyti, kennsla til stúdentsprófs á bóknámsbrautum óbundins áfangakerfis. Starfræktar eru eftirfarandi brautir við


skólann skv. framhaldsskólalögum frá 2008 og aðalnámskrá leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla 2011: Félagsfræðabraut, málabraut, náttúrufræðibraut, opin braut, tónlistarbraut, listdansbraut og fjölnámsbraut. Að auki er boðið upp á IB-nám samkvæmt sérstakri námskrá *International Baccalaureate Organisation*, þ.e. nám til samræmds alþjóðlegs stúdentsprófs. Einingafjöldi á flestum brautum skólans er 205 einingar. Upplýsingar um skipulag þessara brauta má finna á [vef skólans](#). Allir nemendur skólans stunda nám skv. framhaldsskólalögum frá 2008.

## 2.1 Nemendur

Í byrjun september 2021 var nemendafjöldi í MH 1088. Þar af voru 258 nýnemar og 75 innritaðir. Nemendur með stöðuna „innritaður“ eru eldri nýnemar sem koma úr öðrum skólum en ekki beint úr grunnskóla. Haustið 2021 tvöfaldaðist fjöldi eldri nýnema frá því sem verið hefur og var það virkilega ánægjulegt. Í byrjun janúar 2022 var nemendafjöldinn 963 og þar af voru 37 innritaðir. Nemendum í MH hefur verið að fækka jafnt og þétt og var fjöldinn í sögulegu lágmarki vorönn 2022.




Mynd 1 Vinnumat kennara miðast við nemendafjölda 3 vikum eftir að kennsla hefst.



Mynd 2 Nýnemunum á vorönn hefur fækkað undanfarin ár en fjölgaði aðeins vor 2022.

### 2.1.1 Útskriftarnemar

Útskrifaðir stúdentar á skólaárinu 2021-2022 voru alls 233. Haustið 2021 útskrifuðust 97 nemendur og 136 í maí 2022.



Mynd 3 Fjöldi nemenda sem útskrifast að vori eða hausti er breytilegur.


### 2.1.2 Listdanskólarnir

Menntaskólinn við Hamrahlíð er kjarnaskóli fyrir listdans og sér um skráningu á áföngum og einingum í listdansi fyrir alla framhaldsskóla landsins. Þrjú listdanskólar eru í þessu samstarfi við MH, þ.e. Listdanskóli Íslands, Listdanskóli JSB og Klassíski listdanskólinn.

Á haustönn 2021 og vorönn 2022 voru 29 nemendur á listdansbraut í MH og 5 af þeim útskrifuðust vorið 2022. 25 nemendur halda áfram næsta haust og við þá tölu bætast 6 nýnemar sem hefja nám haustið 2022.

Á meðan Covid hefur staðið yfir hafa annir listdanskólanna aðeins riðlast. Sumarannir hafa bæst við og einnig hafa nokkrir áfangar dreifst yfir á tvær annir. Veturinn 2021 til 2022 voru allar einkunnir lesnar inn á haustönn eða vorönn eftir því sem þær bárust okkur í MH, þótt nemendur hefðu e.t.v. lokið áföngunum á sumarönn.

	Haust 2021			Vor 2022		
	Fjöldi nemenda	Fjöldi eininga	Einingar / nem	Fjöldi nemenda	Fjöldi eininga	Einingar / nem
Listdanskóli Íslands	16	191	12	17	329	19
Listdanskóli JSB	30	438	15	29	513	18
Klassíski listdanskólinn	29	331	11	28	432	15



Mynd 4 Meðalfjöldi eininga sem nemendur listdanskólanna taka á hverri önn er misjafn. Nokkrar einkunnir haustannar 2021 voru lesnar inn að vori þar sem nemendur luku áföngunum ekki fyrir áramótin.

Allir nemendur sem stunda framhaldsnám í listdansi hjá dansskólunum þremur njóta kennslu í listdanssögu í MH. Áfanginn er kenndur eftir venjulegan skólatíma á mánudögum og miðvikudögum og koma nemendur úr öðrum framhaldsskólum í MH og sitja tímana. Umræða varð vorið 2022 hvort ekki mætti endurskoða tímasetninguna á kennslutímanum og jafnvel reyna að setja þá inn í stundatöfluna yfir daginn. Þá kom í ljós að þessir 2 áfangar í listdanssögu, sem við höfum verið að kenna, eru ekki skylda skv. námskrá listdanskólanna, heldur bara skylda hjá nemendum á listdansbraut í MH. Þetta voru stjórnendur í MH ekki meðvitaðir um og var boðað til fundar til að ræða framtíð áfanganna og stöðu á listdansbraut. Niðurstaðan varð sú að áfangarnir verða kenndir einu sinni í viku í stað tvisvar og meiri áhersla verður lögð á verkefnavinnu, haust 2022 og vor 2023, og síðan verða þeir aðeins í boði annað hvert ár.


Haust 2021	JSB	KLA	LDÍ	Alls í áfanganum
LDSA2UÞ05	1	4	4	15
Nemendur utan MH		1	5	6

Vor 2022	JSB	KLA	LDÍ	Alls í áfanganum
LDSA3ÞD05		4	1	13
Nemendur utan MH	1	1	6	8


### 2.1.3 Námstími nemenda

Fjöldi eininga til stúdentsprófs er 205 á flestum brautum. Eitt af markmiðum skólans er að hækka hlutfall þeirra sem ljúka stúdentsprófi á þremur árum frá innritun í MH, haustið eftir námslok grunnskóla. Í útskriftarhópnum vorið 2022 voru 51% nemenda 19 ára og luku þar með náminu á 3 árum. Hins vegar voru 10% orðin 20 ára. Áfram verður fylgst með námstíma nemenda og hann einnig skoðaður út frá fjölda anna sem nemendur taka í MH.



Mynd 5 Vorið 2022 voru um 85% nýstúdentar 18 eða 19 ára sem er sambærilegt við vorið 2021.


Ef skoðaður er fjöldi ára sem nemendur eru í MH þá sést að 62% nýstúdentar vorsins 2022 luku námi sínu í MH á 3 árum eða minna. Þessi tala er komin upp í 89% ef skoðaður er námstíminn 4 ár eða minna.



Mynd 6 Þótt það sé markmið að fjölga þeim sem ljúka stúdentsprófi á 3 árum þá velja sumir nemendur að vera lengur til að undirbúa sig betur undir framhaldsnám.

#### 2.1.3.1 Loknar einingar

Nemendur á bóknaðsbrautum skólans ljúka að meðaltali 26 til 30 einingum á önn. Nemendur allra brauta nema IB-brautarinnar geta ráðið hversu marga áfanga þeir taka hverju sinni og geta hætt í áföngum á miðri önn. Þannig geta þau ráðið álaginu sjálf en til að ná að útskrifast á 3 árum þurfa nemendur að taka rúmlega 34 einingar á önn og tæplega 30 til að klára á þremur og hálfu ári. Nemendur á listdansbraut og tónlistarbraut taka hluta síns náms utan MH í samvinnu við tónlistarskóla og listdanskóla. Í stefnu skólans er viðmið um að nemendur ljúki a.m.k. 30 einingum á önn.




Mynd 7 Til að ljúka námi á þremur árum þarf að taka að meðaltali 34,2 einingar á önn.



## 2.2 Skólasókn nemenda á vorönn 2022


Nýjar skólasóknarreglur tóku gildi í Covid og giltu út vorönn 2022. Í þeim fólst að allar fjarvistir nemenda voru dregnar frá nemendum frá fyrsta degi tilkynntra veikinda. Nemendur voru einnig hvattir til að vera heima ef þeir fyndu fyrir minnstu kvef- eða flesnsueinkennum. Ekki var gefin einkunn fyrir skólasókn á meðan á Covid stóð, eingöngu S eða F.

Við þessar aðstæður fjölgaði veikindatilkynningum mjög mikið sem og veikindafjarvistum nemenda.



Mynd 8 20% nemenda skráðu enga veikindadaga

Á vorönn 2022 lögðust af allar takmarkanir og sóttvarnaraðgerðir vegna Covid en nýjum skólasóknarreglum var ekki breytt til baka. Það var ákveðið að láta önnina klárast, taka svo upp eldri reglur í haust og nota haustönnina til að endurskoða skólasóknarreglur og taka það besta úr Covid reglunum. Það sýnir sig að eins dags veikindatilkynningar eru mjög margar og veikindafjarvistir eru mjög miklar. Það þýðir að raunmæting nemenda hefur lækkað mjög miðað við annirnar fyrir Covid. Þetta segir okkur að gömlu skólasóknarreglurnar hafa veitt mikið aðhald í skólasókn nemenda. Í þeim reglum tóku nemendur á sig fjarvistir fyrir fyrsta dag veikinda, þ.e. fengu þær ekki frádregnar vegna veikinda.




Mynd 9 Raunmæting er raunveruleg mæting nemenda í kennslustund, þ.e. nemendur eru á staðnum.

Innanhúss hefur nokkuð verið rætt um að raunmæting nemenda verði í meira mæli lögð til grundvallar í regluverki um mætingar. Það hefur þó ekki verið útfært að ráði en verður haft til hliðsjónar við endurskoðun skólasóknarreglna á haustönn 2022.

### 2.2.1 Úrsagnir nemenda úr áföngum

Nemendur geta sagt sig úr áföngum innan tveggja vikna frá því að önnin byrjar án þess að það komi fram á námsferli. Eftir það kemur úrsögn á námsferilinn og nemendur þurfa að fara í viðtal til námsráðgjafa, námstjóra eða áfangstjóra áður en úrsögn tekur gildi. Ástæður úrsagna eru oftast léleg ástundun og mæting. Vorið 2022 var mikið um veikindi og fjöldi úrsagna var mikill. Alls 191 nemandi sagði sig að meðaltali úr 2 áföngum á önninni.



Mynd 10 Úrsagnir nemenda úr áföngum eru mjög svipaðar á milli haustanna og voranna. Úrsagnir eins og tveggja nemenda úr áföngum eru þó fleiri á haustönn 2021.

## 2.3 Starfsfólk

Við skólann starfa að jafnaði 80 til 90 kennarar á hverri önn, 3 yfirstjórnendur (rektor, konrektor og áfangastjóri), fjármálastjóri, 3 námstjórar í 50% starfi (sem jafnframt eru kennarar), 1 deildarstjóri fjölnámsbrautar, 1 sérkennari á fjölnámsbraut, 1 deildarstjóri IB-náms, 3 náms- og starfsráðgjafar í tæpum 2,8 stöðugildum, 1 sálfræðingur í 0,8 stöðugildi, 2 sérkennarar / táknumálstúlkar, 2 bókasafns- og upplýsingafræðingar í 1,8 stöðugilid, 2 starfsmenn á skrifstofu í 1,5 stöðugildi, 1,5 kerfis- og tækjastjóri, 1,5 húsvörður, 0,6 skjalastjóri, 0,2 persónuverndarfulltrúi og 3 ræstitæknar. Heildarfjöldi starfsmanna er að jafnaði um 110. Haustið 2021 tók fyrirtækið iClean að sér ræstingu í öllum kennslustofum og almennum rýmum en önnur svæði voru þriffin af ræstitæknum skólans. Samningurinn við iClean var til eins árs og endurnýjaður á vormánuðum fyrir skólaárið 2022-2023.

### 2.3.1 Mannabreytingar

Að jafnaði hafa verið litlar mannabreytingar á milli skólaára. Um síðastliðin áramót hætti forstöðumaður bókasafns skólans vegna aldurs og nýr tók við. Í framhaldi af því hóf nýr upplýsinga- og bókasafnsfræðingur störf við skólann í janúar. Þessu til viðbótar létu fimm starfsmenn af störfum eftir vorönnina og var samanlagður starfsaldur þeirra 166 ár. Einn af þessum starfsmönnum hafði starfað með öllum rektorum skólans frá upphafi og er það nánast einsdæmi. Búið er að ganga frá ráðningu á fimm starfsmönnum fyrir skólaárið 2022-2023. Þrjár af þeim stöðum eru afleysingar vegna námsorlofs eða ófyrirséðra breytinga, svo sem að starfsmaður fari í nám eða snúi sér tímabundið að öðru starfi. Einn af námstjórum skólans lét af störfum og var nýr ráðinn í hans stað í 50% starf.

### 2.3.2 Starfsánægja í MH

Eitt af markmiðum MH er að auka starfsánægju starfsmanna. Þau gögn sem einkum eru lögð til grundvallar í því efni er könnunin Stofnun ársins sem lögð er fyrir á hverju hausti og starfsmannasamtöl sem tekin eru með reglulegu millibili.

Í Stofnun ársins varð skólinn í fjórða sæti í flokki stofnana með fleiri en 90 starfsmenn. Í hverjum stærðarflokki hljóta efstu fimm stofnanirnar sæmdarheitið Fyrirmyndarstofnun og er MH í þeim flokki annað árið í röð. Þegar könnunin var framkvæmd síðast var skólinn í fimmta sæti og hækkar því um eitt sæti milli ára sem er afar jákvæð niðurstaða. Nánari upplýsingar má finna [hér](#).

Starfsmannasamtöl hafa farið fram í kjölfar kennslukannana undanfarin ár. Haustið 2021 voru gerðar kennslukannanir í félagsvísindum, íslensku, raungreinum og stærðfræði. Á haustönn 2021 og vorönn 2022 voru tekin rúmlega 70 starfsmannasamtöl. Hver starfsmaður fer í viðtal á tveggja ára fresti. Aðrir starfsmenn en kennarar eru einnig teknir í viðtöl og þá í kjölfar þjónustukannana sem við leggjum fyrir.

Skólinn reynir að gleðja starfsfólk öðru hverju með gjöfum af einhverju tagi. Páskaegg voru gefin um páskana og er sú hefð nú orðin föst í sessi.

Starfsfólk skólans fékk fræðslu frá nemendum skólans um anti-rasisma og tókst sú kynning vel. Mikil vakning er hjá nemendum um stöðu sína og viljum við gera okkar besta til að koma til móts við mismunandi þarfir þeirra. Einnig hefur verið fræðsla um kyn og kyngervi og hefur jafnréttisfulltrúi skólans ásamt nemendum úr BUR, hinsegin félagi nemenda, komið að þeirri fræðslu.

Starfsdagar voru haldnir í lok maí. Starfsfólk vann að ýmsum verkefnum og fékk fræðslu af fjölbreyttu tagi. Fjallað var um rafrænar kennslubækur, grænt bókhald, tengsl kennara og framhaldsskólanemenda og áhrif tengslanna á skólagöngu ungmennanna. Einnig var rætt um námsbraut á ensku og hópvinna fór fram um nokkur efni, s.s. endurskoðun á innihaldi námsbrauta, hvernig hægt væri að efla ástundun nemenda og einkunnir og áfangar á IB-braut skólans. Var það mat starfsfólks að vel hefði tekist til og var almenn ánægja með dagskrána sem lauk með vorferð í Borgarfjörðinn.

Starfsfólk getur sótt um samgöngustyrk og líkamsræktarstyrk til skólans og nýtir fjöldi starfsmanna sér þessa styrki. Tæplega 30 sóttu um samgöngustyrk og um það bil 50 um líkamsræktarstyrk. Eru það viss vonbrigði að þeim sem sóttu um samgöngustyrk fækkaði á milli ára. Möguleg skýring er sú að nú þarf að uppfylla strangari viðmið en áður, þ.e. koma með umhverfisvænum hætti til vinnu í 80% tilfella á mánaðargrunni.

Ofangreindar aðgerðir miða að því að auka starfsánægju, bæta og efla starfsaðstöðu og auka samstarf.

### 2.3.3 Samstarf við aðra skóla

Á vorönn héldum við Menntabúðir með Verzlunarskóla Íslands. Þær fólu í sér að efla samstarf milli skólanna og kynnst því sem skólarnir eru að gera. Undirbúningurinn hófs í byrjun febrúar og var fundað reglulega til að undibúa daginn sem best. Menntabúðirnar hófust í Vezlunarskólanum á umræðum innan deilda og eftir það var farið yfir í MH. Þar var boðið upp 22 sýningarbása þar sem starfsfólk kynnti ýmislegt sem þau voru að gera. Eftir það voru léttar veitingar og óformleg samtöl milli fólks. Hér má sjá lista yfir efni sem kynnt var á sýningarbasunum.

- Nearpod forritið í kennslu; Versló
- Microsoft forms og Sway í kennslu.; MH
- Lokaverkefni á Nýsköpunar- og listabraut; Versló
- Lífsleikni; MH
- Leiklist og leikritun í MH; MH
- Rómantík, hryllingur og álfasögur; MH
- Núvitund í Versló; Versló
- Umræða um raunhæf verkefni í viðskiptadeild; Versló
- Kynning á NGK bekknum sem fylgir danska kerfinu; Versló
- Kynning á valáfanga í ensku sem fjallar um Harry Potter; Versló
- Myndasöguáfangi í ensku; MH
- Escape Room: Lærum og leikum; Versló
- Escape room; MH
- Controversial issues discussion; Versló
- TÁS; MH
- Kynning á kennsluvefjunum smasaga.is og snorraedda.is; Versló
- Námsverið í MH; MH
- IB nám í MH; MH
- Skapandi skrif í tungumálakennslu.; MH
- Hlaðvarp í kennslu; Versló
- Forritun til framtíðar; MH/Versló
- Sýnum íþróttakennurum Versló starfsaðstöðu okkar, og hugmyndafræðina á bak við hana ; MH

## 2.4 Húsnæði og aðbúnaður

Húsnæði skólans er ríflega 10.000 fermetrar að stærð. Húsið skiptist í eldra hús sem er um 7000 fermetrar og nýrri byggingu (frá árinu 2007) sem er um 3000 fermetrar. Kennslustofur eru 38, þar með talið kennslueldhús og raungreinastofur. Auk þess eru kór og leiklist kennd í hátíðarsal skólans sem nefnist Mikligarður. Í nýrri byggingunni eru auk kennslustofa, þrjár misstórir líkamsræktarsalir og þrektækjasalur. Aðgengi fyrir fatlaða/hreyfihamlaða er gott í skólanum, bæði að kennslustofum og almennum rýmum. Lyftur sem nemendur og starfsfólk hefur aðgang að eru á tveimur stöðum og skábrautir þar sem við á.

Stofunýting er mjög góð. Erfitt er finna lausar kennslustofur á kennslutíma þar sem stofur eru oftast allar uppteknar til kl. 15:55 á daginn. Skák- og norsku- og sænskukennsla fer fram eftir kl. 16:00 og einnig hafa listdansskólarnir nýtt kennslurými eftir að hefðbundinni kennslu lýkur. Nemendafélagið

og nemendur nýta stofur skólans fyrir ákveðna starfsemi að fengnu leyfi sem sótt er um á skrifstofu. Norðurkjalari er í umsjón Nemendafélagsins og er hann nýttur í ýmsa viðburði tengda félagslífi nemenda.

Á hverju ári er gerð framkvæmdaáætlun sem miðar að því að bæta aðbúnað og vinnuaðstöðu nemenda og starfsfólks. Stöðugt er unnið að viðhaldi húsnæðisins og endurnýjun húsgagna. Í maí 2019 fór af stað vinna við umbætur í MH í samvinnu við arkitekt skólans og arkitektastofu hans, Hornsteina, og Fasteignir ríkisins. Löngu var tímabært að lagfæra margt innanhúss og annað hafði aldrei almennilega verið klárað. Margmiðunarver hefur verið sett upp á bókasafni skólans og geta nemendur og starfsfólk m.a. nýtt sér podcast-tæki sem Foreldraráð MH gaf skólanum. Framkvæmdir við loft á kennarastofu og salerni starfsfólks hófust á vormánuðum 2022 og þeim á að ljúka fyrir upphaf skólaársins 2022-2023. Salernin verða kynlaus eins og salerni nemenda. Til að koma til móts við nemendur sem hvorki skilgreina sig sem karl né konu var sérstök búnings- og sturtuaðstaða sett upp í námunda við danssal skólans. Sérstakan lykil þarf að klefanum sem nemendur nálgast hjá líkamsræktarkennrum fyrir tíma.

Rafhleðslustöðvar eru fyrir utan skólann. Nýting þeirra hefur verið góð og geta nágrannar skólans nýtt þær utan starfstíma skólans. Búið er að undirbúa fjölgun stöðva og verður hægt að hlaða allt að 10 bíla í náninni framtíð. Auk þessu eru 8 hleðslustöðvar ON í 50m fjarlægð frá skólanum og hafa fjölmargir starfsmenn nýtt sér þær.

Vinnuaðstaða kennara í kennslustofum hefur verið bætt. Upphækkunleg skrifborð hafa verið sett í allar kennslustofur í eldra húsnæði skólans. Í ágúst 2020 hófst endurnýjun á húsbúnaði í kennslustofum og á henni að ljúka á u.þ.b. fjórum árum. Auk þess hefur bekkjum á göngum skólans verið fjölgað fyrir nemendur.

#### 2.4.1 Skrifstofa skólans

Skrifstofa skólans er opin alla virka daga frá klukkan 8.30 til 12.00 og frá 12.30 til 15.30. Yfir sumartímam styttist opnunartíminn og einnig í jóla- og páskafríum.

Starfið á skrifstofu skólans felst að miklu leyti í því að svara erindum sem berast í tölvupósti eða gegnum síma. Mörg þessara erinda snúast um að bæði fyrirverandi og núverandi nemendur óska eftir afritum af stimpluðum og undirrituðum gögnum. Þessi gögn eru aðallega afrit af stúdentsprófsskírteinum á íslensku og ensku sem til eru á báðum tungumálum. Einnig er beðið um áfangalýsingar, sem eru oftast til, en ef ekki eru viðkomandi námstjórar beðnir um að útbúa þær. Mikið er um að nemendur, bæði núverandi og fyrirverandi, óski eftir staðfestingu á skólavist. Þær er hægt að nálgast á fljótlegan og þægilegan hátt í Innu á íslensku. Hins vegar þarf að útbúa staðfestingu á ensku sérstaklega fyrir hvern og einn og það getur verið tímafrekt. Það væri til bóta ef hægt væri að nálgast enska útgáfu staðfestingar á skólavist í Innu á sama hátt og íslensku útgáfuna.

#### 2.4.2 Bókasafnið


Nemendur skólans geta fengið vinnu á bókasafninu þegar þeir eru með eyður í stundatöflu. Það eru oftast 12-13 nemendur sem skipta á milli sín 40 stundum á viku, en þetta skólaárið voru það 10 nemendur. Útlán voru tæplega 6000 og eru innanhússlán í meirhluta. Það sem vinsælast er að fá lánað innan skólans eru kennslubækur, orðabækur og ýmis tæki og tól. Útlán á tækjum, þ.e. tölvum, heyrnartólum og reiknivélum, er um helmingur útlána innanhúss.

#### 2.4.3 Matsalan Sómalía

Í matsölu nemenda, Sómalíu, er matsölustjóri í 100% starfi og aðstoðarkona í 40% starfi. Haustið 2021 störfuðu 9 nemendur í Sómalíu en 6 á vorönn 2022. Í venjulegu árferði starfa um 20 nemendur þar með náminu.

## 2.5 Áfangaframboð

Áfangaframboð í skólanum hefur verið svipað síðustu árin hvað viðkemur fjölda áfanga. Áfangaframboð er auglýst í október og mars í tengslum við val nemenda og þegar niðurstöður vals liggja fyrir er ákveðið hvaða áfanga skuli kenna á komandi önn. Á hverri önn eru oftast einn eða fleiri nýir áfangar í boði og eldri áfangar eru látnir skiptast á milli anna. Undanfarnar annir hefur verið unnið að því að setja skýrar fram hvaða áfangar eru kenndir á hverri önn og hvaða áfangar eru eingöngu kenndir á haustin eða eingöngu kenndir á vorin. Upplýsingar um áfangaframboð hverju sinni má finna á heimasíðu skólans.



Mynd 11 Í sumum hópum geta verið einungis 2 eða 3 nemendur og eru það aðallega IB-hópar. Áföngum á fjölnámsbraut hefur fjölgað mikið og vorið 2022 voru 12 áfangar á fjölnámsbraut í stundatöflum nemenda brautarinnar.

### 2.5.1 Áfangaframboð

Á hverri önn er gerð könnun á því hvaða áfanga nemendur vilja taka önnina á eftir. Fyrir haustönn 2021 voru 175 áfangar í boði sem kenndir eru á íslensku. Þegar niðurstöður vals nemenda lágu fyrir, vorið 2021, kom í ljós að hætta varð við að kenna 13 þeirra vegna dræmrar þátttöku. Því voru alls 162 áfangar kenndir á haustönn 2021 í almennu námi í MH. Á vorönn voru kenndir 163 áfangar í almenna náminu, þ.e. án fjölnáms- og IB-brautaráfanga. Búið er að setja 181 áfanga í töflur kennara fyrir haustið 2022.

## 2.6 Inna

Kennslukerfið Inna er í stöðugri þróun. Á vegum fyrirtækisins Advania eru starfræktir stýrihópar með kennurum og starfsfólki úr framhaldsskólum landsins. MH á fulltrúa í stýrihópi sem hefur það að markmiði að veita Advania upplýsingar um hvernig ákveðin mál snúa að skólarekstrinum og sami fulltrúi er einnig í stýrihópi tengdum stjórnunarhluta Innu.


Admin-Inna er stjórnendakerfi Innu sem smám saman er að verða til. Stjórnendur eru byrjaðir að nota það og stöðugt koma viðbætur í það sem hverfa þá jafnframt úr gömlu Innu.

## 2.7 Fjármál

Fjárhagsstaða skólans er ágæt og innan ramma fjárheimilda fyrir árið 2021.

Á árinu 2021 voru heildarútgjöld skólans um 1.678,8 millj. kr. sem var um 30,2 millj. kr. minna en nam fjárveitingum og tekjum. Því batnaði rekstrarstaða skólans á árinu sem nemur þeirri fjárhæð og er hrein eign skólans í árslok 94,4 millj. kr.

Tekjur	- 1.678.853.400
Gjöld	1.648.682.554
Afgangur	- 30.170.846




Fjárfestingar á árinu 2021 námu samtals 21 millj. króna. Þar bar hæst endurnýjun á húsgögnum í kennslustofum sem kostaði um 16 millj. kr.

## 2.8 Kennslukannanir

Kennslukannanir eru framkvæmdar á hverri önn og er þeim skipt eftir deildum. Flestar námsgreinar gangast undir kennslukannanir á þriggja anna fresti. Markmiðið er að fá endurgjöf frá nemendum um það sem vel er gert og hvað má betur fara. Nemendur eru hvattir til að koma með uppbyggilega gagnrýni eins og við á en ekki síður hrósa fyrir það sem vel er gert. Kannanirnar eru framkvæmdar í Innu og eru þær lagðar fyrir þegar u.þ.b. 3 vikur eru eftir af kennslu viðkomandi annar. Matinu er skipt upp í eftirfarandi flokka: Áfanginn (5 sp.), nemandinn (3 sp.), kennslan (4 sp.) og kennarinn (3 sp.). Allir kennarar fá niðurstöður birtar í Innu auk þess sem samantekt er dreift á hvern og einn kennara þar sem koma fram meðaleinkunnir eftir kennslu- og kennaraspurningum. Í starfsmannaviðtölum er farið yfir kannanirnar eins og hæfir hverju sinni en kennarar velta þeim mismikið fyrir sér. Auðvitað eru þær ekki besta mat á áfanga eða kennslu en þær ættu að vera vísbending um það sem vel er gert og einnig ef eitthvað má bæta. Gerðar eru kannanir í IB-náminu samhliða en þær eru ekki teknar með hér.

2018V	Íslenska, saga, félags- og skapandi greinar
2018H	Raungreinar og stærðfræði
2019V	Erlend tungumál
2019H	Íslenska, saga, félags- og skapandi greinar og íþróttir

2020V	Engar kennslukannanir voru gerðar í Innu vegna aðstæðna í COVID-19
2020H	Engar kennslukannanir voru gerðar í Innu vegna aðstæðna í COVID-19
2021V	Raungreinar, stærðfræði, erlend tungumál og íþróttir
2021H	Íslenska, saga, félags- og skapandi greinar
2022V	Engar kennslukannanir gerðar
2022H	Íslenska, saga, félags- og skapandi greinar og íþróttir
2023V	Raungreinar og stærðfræði
2023H	Erlend tungumál




Mynd 12 Meðaltal svarhlutfalls kennslukannana haustið 2021 er 67%.

Á skólaárinu 2021 til 2022 voru tekin starfsmannaviðtöl við 72 starfsmenn, 43 haustið 2021 og 29 vorið 2022. Öll gögn um starfsmannasamtölin eru vistuð í GoPro.

## 2.9 Nýnemar

Haustið 2021 hófu 329 nýnemar nám við MH. Þetta voru 259 nýnemar beint úr grunnskóla og 70 eldri nýnemar úr öðrum skólum. Inni í þessum tölum eru ekki nemendur frá MÍT og ekki nemendur sem koma í skólann vegna sænsku eða norsku en þeir geta verið um 60 til 70 talsins.






Mynd 13 Nýnemar í MH eru nemendur sem koma beint úr 10. bekk og innritaðir eru nemendur sem koma úr öðrum framhaldsskólum.


Nýnemar á hverju hausti fara í lífsleikniáfangi og næstu þrjár annir á eftir er kennarinn sem kenndi þeim lífsleikni umsjónarkennari þeirra. Umsjónarkennarinn fylgist með námsframvindu, veitir upplýsingar og er nemendum til aðstoðar á meðan á námi stendur. Umsjónarkennarinn getur kallað nemandann til sín í viðtal þegar þörf er á og einnig er nemendum gert kleift að hitta hann í sérstökum valtíma áður en eiginlegt val áfanga fyrir næstu önn hefst.

Haustið 2021 voru nýnemar boðaðir í skólann í tveimur hópum vegna fjöldatakmarkana. Þeir hittu umsjónarkennarann sinn, skólinn var kynntur vel fyrir þeim og farið var yfir skipulag haustsins með tilliti til Covid-19 sóttvarna. Sjá nánar um fyrirkomulag skólstarfs á haustönn aftar í skýrslunni.

Foreldrar fengu kynningu á starfi skólans í gegnum fjarfundabúnað og þótti fundurinn takast vel.



Mynd 14 Aðsókn nýnema í MH jókst haustið 2020 en umsóknum fækkaði aðeins fyrir haustið 2021.




Mynd 15 Vinsældir brautanna eru misjafnar og spurning hvað framtíðin ber í skauti sér. Haustið 2020 var hætt að innrita á tónlistarbraut og í desember 2021 útskrifaðist síðasti nemandinn af þeirri braut.

Opna brautin er langvinsælust en þar gefst nemendum kostur á að velja sér sjálfir hvaða námsgreinar þeir vilja leggja áherslu á. Þeir velja sér 3 kjörgreinar og þurfa að taka 25 einingar í fyrstu kjörgrein umfram skylduáfangi, 20 í annarri og 15 í þeirri þriðju. Samsetning kjörgreina er mjög mismunandi og sýnir oft mikið hugmyndaflug. Ef nemandi velur t.d. stærðfræði sem fyrstu kjörgrein þá tekur hann 7-10 áfanga í stærðfræði (35-50 einingar). Ef nemandi velur íslensku sem fyrstu kjörgrein þá getur hann verið með 10-15 áfanga (50-75 einingar) í íslensku í stúdentsprófi sínu.


### 2.9.1 Grunnskólaeinkunnir

Nemendur sem sækja um skólavist eru flestir með góðar einkunnir og er oft mikil samkeppni meðal þeirra að komast inn.



Mynd 16 Einkunnin Annað er gefin þeim sem eru með \* eða undanþágur sem oftast á við IB-nemendur eða nemendur sem eru að flytja til landsins og skiluðu ekki inn einkunnum.

Langflestir nemendur sem innritast í skólann eru með B í einkunn í stærðfræði og íslensku úr grunnskóla. Fleiri nemendur innritast með A í stærðfræði en í íslensku en hins vegar eru fleiri nemendur með B í íslensku en í stærðfræði. Þeir nemendur sem koma inn með C og C+ í stærðfræði eru settir í fornámsáfangi í stærðfræði. Mjög fáir nemendur innritast með C í íslensku og eru það yfirleitt nemendur sem hafa íslensku sem annað tungumál.




Mynd 17 Nýnemar eru með hærri einkunn í ensku en dönsku.

Fleiri nemendur koma inn með A og B+ í ensku en dönsku sem gefur kannski vísbendingu um málumhverfið sem nemendur alast upp í. 12 nemendur, sem innrituðust haustið 2021, voru með C í dönsku og eru það 11 fleiri en árið á undan. Það er mjög algengt að nemendur séu með undanþágu í dönsku þar sem þeir hafa aldrei lært tungumálið í grunnskóla, þ.e. eru af erlendum uppruna.

### 2.9.2 Einkunnir í fyrstu áföngum í íslensku, ensku og stærðfræði.


Nemendur sem koma inn í skólann með A eða B+ í ensku, stærðfræði eða íslensku á grunnskólaprófi geta tekið tvöfalda hraðferð í þeim greinum. Tvöföld hraðferð er skilgreind þannig að efni veggja fyrstu áfanga fagsins er kennt í einum áfanga, svokölluðum AB-áfanga. Miðað er við að nemendur geti farið á annan hátt í gegnum efnið þar sem þeir hafi mjög góðan undirbúning og minna þurfi að rifja upp með þeim. Boðið hefur verið upp á AB-áfanga í íslensku, stærðfræði og ensku.



Mynd 18 Haustið 2021 voru meðaleinkunnir í hraðferðaráföngunum ekki einsleitar eins og árið á undan.

Ef við skoðum meðaleinkunn í fyrstu áföngum í þessum greinum haustið 2021, þ.e. ekki í hraðferðaráföngum, þá er hún 6,64 í íslensku, 7,5 í ensku og 5,2 í stærðfræði. Meðaleinkunn


nemenda í tvöfaldrari hraðferð í þessum sömu greinum er aðeins öðruvísi samsett þar sem hún er lægst í íslensku.



Mynd 19 Inni í þessum tölum eru allir sem ljúka áföngunum, bæði nýnemar og eldri nemendur, óháð því hvað þeir hafa tekið áfangann oft.

## 2.10 Námsbrautir

Menntaskólinn við Hamrahlíð býður upp á nám á sex brautum til stúdentsprófs auk fjölnámsbrautar, MÍT og IB-brautar (International Baccalaurate). Haustið 2019 var einingum til stúdentsprófs fækkað niður í 205 einingar nema á listdansbraut og tónlistarbraut eins og áður hefur komið fram. Flestir nemendur stunda nám á opinni braut (54%) og náttúrufræðibraut (16%). Nemendum hefur fækkað á mála- og félagsfræðibraut (samtals 16%) með tilkomu opnu brautarinnar enda geta nemendur á opinni braut valið sér sérhæfingu sem hæfir best því námi sem þeir hyggjast leggja stund á í framtíðinni.



Mynd 20 Opna brautin krefst mikillar eftirfylgni og ráðgjafar. Haustið 2021 var einn nemandi á tónlistarbraut en hætt var að innrita á hana haustið 2019.

### 2.10.1 IB-braut

Menntaskólinn við Hamrahlíð hefur boðið upp á IB-nám síðan 1997. Skólinn þurfti að fara gegnum strangt umsóknarferli IB-samtakanna (IBO) og uppfylla ýmis skilyrði til að geta boðið upp á IB-nám. IB-námið er í raun tvískipt. Annars vegar er eins árs undirbúningur, Pre-IB, og hins vegar tveggja ára námsbraut, IB-Diploma. Henni lýkur með IB-Diploma sem er ígildi stúdentsprófs. Útskriftarefni þreyta samræmd skrifleg lokapróf í maí á sama tíma og þúsundir annarra IB-nemenda úti um allan heim. Nemendurnir taka þátt í útskriftarathöfn MH en það kemur ekki í ljós fyrir en í júlí ár hvert hvort nemendur hafi náð IB-Diploma eða ekki.

Nemendahópurinn er mjög fjölbreyttur og endurspeglast það meðal annars í móðurmálsvali. IBO leggur mikla áherslu á að nemendur læri sitt móðurmál og kynnist menningu síns heimalands gegnum bókmenntir. IB býður þar af leiðandi upp á sjálfsnám í flestum tungumálum heims. Í MH er boðið upp á kennslu í ensku og íslensku. Önnur móðurmál eru í boði sem sjálfsnám undir handleiðslu móðurmálskennara.

#### 2.10.1.1 IB-brautin skólaárið 2021-2022

Nemendur IB-brautar fóru ekki varhluta af Covid-ástandinu skólaárið 2021-22, frekar en aðrir nemendur skólans. Skólinn gerði þó engar sérstakar ráðstafanir fyrir IB-nemendur þetta árið en IB-samtökin héldu áfram með breytt fyrirkomulag lokaprófa líkt og vorið 2021. Námsefni var enn skert miðað við námskrár IB í einstaka fögum en nú bættust þó við hlustunarpróf í tungumálum sem upphaflega hafði staðið til að byrja með vorið 2020 en ekki orðið af.

IB-samtökin setja stífar reglur varðandi framkvæmd lokaprófa. Skólar geta átt von á óvæntri heimsókn á prófatíma þar sem starfsfólk IB kannar hvort farið sé að settum reglum. Líkt og árið áður heimsótti IB skólann með rafrænum hætti í maí 2022. Heimsóknin tókst heilt yfir vel en skólinn fékk þó þá athugasemd að geymsla á prófgögnum væri ekki fyllilega eftir settum reglum samtakanna. Þörf væri á öflugri og gólfestum öryggisskáp fyrir gögn og að honum yrði komið fyrir á enn afviknari stað en nú væri raunin. Þetta er áhugavert í ljósi þess að ekki var gerð athugasemd við sama fyrirkomulag í úttektni 2021.

Að þessu sinni þreyttu einungis 14 nemendur öll IB-lokaprófin og einn nemandi tók lokapróf í líffræði einvörðungu, svonefnt „anticipated“ próf. Annað árið í röð stóðust allir nemendur skólans IB-prófin og var árangur þeirra í takti við heimsmeðaltal.

Félagslíf IB-nemenda tók nokkuð við sér eftir takmarkanir Covid-annanna. Þótt ekki hafi verið farið í sérstaka IB-ferð innanlands, eins og venja er að gera á hverju hausti, þá voru haldin IB-kvöld í Norðurkjallara og sérstök IB-vika á vegum IB-nema og NFMH. Að auki fóru 12 IB-nemendur ásamt IB-stallara í námsferð til Madeira í júní 2022.

### 2.10.2 Kjörgreinar á opinni braut

Nemendur velja sér þrjár kjörgreinar á opinni braut, eins og áður hefur komið fram, og tvær fyrstu koma fram á stúdentsprófsskírteini þeirra.

Það er oftast ekki fyrir en á síðustu önn að val stúdentsfna á kjörgreinum verður endanlegt. Athyglisvert er að sjá að enska og sálfræði eru vinsælustu kjörgreinarnar og saga, stærðfræði og líffræði fylgja fast á eftir.

Kjörgrein 1 haust 2021		Kjörgrein 2 haust 2021		Kjörgrein 1 vor 2022		Kjörgrein 2 vor 2022	
enska	21	enska	16	sálfræði	23	enska	15
sálfræði	16	sálfræði	14	enska	14	sálfræði	11
saga	11	saga	10	líffræði	8	félagsfræði	8
líffræði	10	stærðfræði	6	myndlist	6	saga	6
stærðfræði	6	eðlisfræði	4	saga	6	stærðfræði	5
leiklist	3	félagsfræði	4	félagsfræði	5	íslenska	4
félagsfræði	2	íslenska	4	íslenska	4	leiklist	4
myndlist	2	jarðfræði	4	stærðfræði	4	spænska	4
íslenska	1	myndlist	4	franska	2	líffræði	3
ítölsku	1	japönsku	2	leiklist	2	myndlist	3
sænska	1	líffræði	2	spænska	2	danska	2
þýsku	1	spænsk	2			franska	2
		efnafræði	1			jarðfræði	2
		leiklist	1			þýska	2
		tölvufræði	1			efnafræði	1
						heimspeki	1
						japanska	1
						kínverska	1
						þjóðhagfræð	1

Mynd 21 Enska er vinsælasta fyrsta og önnur kjörgreinin á haustönn og sálfræðin tekur fram úr á vorönninni enda eru margir valáfangar í ensku og sálfræði í boði í MH.

### 2.10.3 Fjölónsbraut MH

Haustið 2011 var stofnuð sérnámsbraut (starfsbraut) við skólann. Nafni brautarinnar var breytt í ársbyrjun 2021 og heitir nú fjölónsbraut.

Fjölónsbraut MH er fyrir nemendur sem notið hafa verulegrar sérkennslu í grunnskóla og þurfa einstaklingsmiðað nám. Unnið er út frá styrkleikum hvers og eins með áherslu á að efla sjálfsmýnd þeirra. Námið er á fyrsta þrepi, það tekur fjögur ár og nemendur útskrifast með framhaldsskólapróf.

Nemendafjöldinn á brautinni hefur verið um 12 til 19 nemendur. Við brautina starfa tveir kennarar og þar að auki kenna ýmsir fagkennarar skólans nemendum brautarinnar. Má þar nefna kennara í ensku, leiklist, hússtjórn, ýmsum tungumálum, myndlist, sálfræði, fjármálalæsi og líkamsrækt.

Skólaárið 2021-2022 voru 15 nemendur skráðir á brautina. Tekið var á móti 8 nýnemum á haustönn sem er óvenju stór nýnemahópur. Einn nemandi lauk þriðja ári á fjölónsbraut vorið 2022 og er nú skráður bæði á fjölónsbraut og opna braut. Hann stefnir á að ljúka stúdentsprófi eftir 2-3 annir. Þá fór einn eldri nemandi í leyfi á vorönninni og hætti að henni lokinni. Vorið 2022 útskrifaðist einn nemandi af fjölónsbraut.

Nemendum brautarinnar er að miklu leyti kennt saman en nemendur sem hafa getu og hæfni eru hvattir til að sækja áfanga á öðrum brautum skólans. Nemendur sækja kennslustundir á öðrum brautum án stuðnings og taka samhliða áfanga í námsstuðningi á fjölónsbraut þar sem þeir nýta tímana til að vinna heimanám í þeim áföngum sem þeir eru skráðir í.

Með árunum hefur þeim almennu áföngum sem fjölónsbrautarnemendur hafa sótt farið fjölgandi og nú er það svo að flestir nemendur fjölónsbrautar sækja einhverja almenna áfanga skólans sem er ánægjuefni. Enska er það fag sem flestir nemendur fjölónsbrautar sækja í almenna náminu. Á haustönn voru nemendur fjölónsbrautar skráðir í samtals 16 almenna áfanga og á vorönninni voru áfangarnir 26 talsins. Þetta gerir stundatöflugerð á fjölónsbraut talsvert flókna fyrir vikið þar sem almennir áfangar ganga fyrir í stundatöflum nemenda.

Takmarkanir vegna Covid höfðu áhrif á kennslu og nám á fjölónsbrautinni þetta skólaár eins og annars staðar og að auki var talsvert um forföll vegna veikinda og sóttkvíar. Kom það einna helst

niður á félagstengslum því lítið sem ekkert var t.d. um vettvangsferðir og hópvinnu. Stefnt er að því að auka slíkt á næsta skólaári og leggja áherslu á að skapa góð tengsl innan nemendahópsins.

### 2.11 Stöðumat

Skólinn hefur boðið nemendum upp á stöðumat í fjölmörgum tungumálum og fer það fram í byrjun annar. Námsstjóri tungumála sér um skipulagninguna. Fyrir nemendur í MH er stöðumat í spænsku, ensku, dönsku, þýsku, ítölsku og frönsku algengast. Boðið er upp á stöðumat í öðrum tungumálum ef þess er óskað.

Stöðumat í erlendum tungumálum fyrir nemendur utan MH vor 2022							
Áfangi	fjöldi nemenda	Áfangi	fjöldi nemenda	Áfangi	fjöldi nemenda	Áfangi	fjöldi nemenda
ALBA1AA05	3	ÍTAL1AA05	3	RÚSS1AA05	3	NORS2AA05	5
ALBA1BB05	3	ÍTAL1BB05	3	RÚSS1BB05	3	SÆNS2AA05	4
ALBA1CC05	3	ÍTAL2DD05	4	RÚSS1CC05	3	SÆNS2BB05	1
ALBA2DD05	1			RÚSS2DD05	3		

Skólinn heldur stöðupróf í norsku og sænsku fyrir alla sem treysta sér í það, sama úr hvaða skóla þeir koma. Nánari [lýsing á stöðuprófi í norsku og sænsku](#) er á heimasíðu skólans en umfang þess er öðruvísi en annarra tungumála. Vor 2022 tóku 10 nemendur stöðupróf í sænsku eða norsku.

Vor 2021	Fjöldi nemenda	Metið	Ekki metið
Norska	5	2 AA	3
Sænska	5	2 AA og 1 BB	2

### 2.12 Náms- og starfsráðgjöf MH

Skólaárið 2021-2022 voru starfandi þrír náms- og starfsráðgjafar við skólann. Tveir í 100% starfshlutfalli og einn í 80%.

Nemendur eru duglegir að leita sér aðstoðar náms- og starfráðgjafa í MH og ástæður komu eru af fjölbreyttum toga, bæði náms- og persónulegar. Skráð viðtöl hjá námsráðgjöfum voru 2684 á skólaárinu og voru þar að baki 789 nemendur. Viðtöl dreifast nokkuð jafnt yfir önnina en alltaf eru þó álagspunktur í upphafi annar, kringum val nemenda og á álagstímum hvað varðar verkefnaskil og próf. Almenn aðgengi að ráðgjöfum er mjög gott í MH og nýtir fjöldi nemenda sér þjónustuna og undantekning er ef ekki er hægt að fá viðtal samdægurs.

Skólastarfið komst smám saman í eðlilegt horf á þessu skólaári eftir viðburðaríkar Covid-annir. Vorönnin varð þó sérstaklega strembin fyrir nemendur. Mikil veikindi, bæði vegna Covid og hinnar hefðbundnu flensu, ásamt sóttkví nemenda fyrri part annar settu mikinn svip á skólastarf. Nemendur misstu töluvert úr námi vegna fjarveru og áttu margir hverjir erfitt með að koma til baka í fullt nám aftur og urðu því að fækka við sig áföngum. Námsráðgjafar hringdu markvisst í nemendur þegar mest var um fjarveru þeirra vegna veikinda/sóttkvíar og tóku með þeim stöðuna í náminu og ræddu líðan þeirra.

Annað árið í röð var ákveðið að hver nýnemahópur fengi úthlutað einum námsráðgjafa. Námsráðgjafinn fór inn í hópinn í byrjun annar, fór inn til að aðstoða við val um miðja önn og til að fjalla um próf og prófundirbúning í nóvember ásamt því að vera í persónulegum tengslum við þá sem þurftu á þeirri þjónustu að halda. Sama fyrirkomulag var haft hjá eldri nýnemum og IB-nemum. Þetta fyrirkomulag hefur reynist vel og er komið til að vera.

Nemendur sem þurfa reglulega ráðgjöf og stuðning frá náms- og starfsráðgjöfum eru sérstaklega skráðir hjá viðkomandi ráðgjafa í Innu. Þetta voru 183 nemendur á vorönn 2022. Þessir nemendur koma oftast en ekki vikulega og oft er unnið í samstarfi við foreldra þeirra og sérfræðinga utan skólans. Alls hafa 102 nemendur í MH komið með greiningu frá fagaðila til náms- og starfráðgjafa vegna dyslexíu, ADHD, ADD, kvíða, þunglyndis eða einhverfu.

Starfssvið náms- og starfráðgjafa breytist frá ári til árs. Auk hefðbundinnar ráðgjafar sjá náms- og starfráðgjafar töluvert um töflubreytingar í upphafi anna, eftirfylgni með nemendum með slaka mætingu, úrsagnir og aðstoð við nemendur sem sækja fjarnám utan skólans. Þá skrá námsráðgjafar inn í GoPro öll greiningargögn og vottorð. Mál sem tengjast nemendum og flokkast ekki undir einföld erindi eru einnig skráð í GoPro.

Náms- og starfsráðgjafar hafa umsjón með sérúrræðum og sérstofum í prófum. Nemendur með dyslexíu nota lesforrit sem les próf á mismunandi tungumálum. Það þarf töluverða formbreytingu til að prófin passi inn í lesforritið. Sem dæmi má nefna að hreinsa þarf út myndir, gröf, tákn og fleira sem truflað getur lesturinn. Textinn þarf að vera samfelldur svo öllum dálkum er eytt og texti stækkaður og settur á pdf form. Um 100 nemendur sóttu um sérúrræði til námsráðgjafa og komur í próf í sérstofu voru tæplega 400 á hvorri önn.

Aukist hefur jafnt og þétt undanfarin ár að foreldrar hafi samband við náms- og starfráðgjafa. Þeir sýna námi unglinganna sinna áhuga og vilja gjarnan styðja við þá sem er vel. Samskipti og utanumhald með nemendum sem eru með sérþarfir er að aukast og fleiri nemendur skráðir í skólann sem þurfa aðstoð. Þessir nemendur þurfa margir hverjir einstaklingsaðstoð í náminu og í samskiptum sínum við kennara.

STUÐ1AB01 og STUÐ1BB01 er hópráðgjöf í umsjón náms- og starfsráðgjafa sem styður við nemendur í brotthvarfshættu. Nemendum er skipt í hópa eftir aldri. Í AB-hópnum eru nemendur á fyrsta ári og í BB-hópnum eldri nemendur. Markmið STUÐ-áfanganna er að halda vel utan um hópinn með kennslu í námstækni, eftirfylgni með mætingu og þeim stuðningi við námið sem hver og einn þarf á að halda. Í STUÐ1AB01 og STUÐ1BB01 skólaárinu 2021-2022 voru 60 nemendur sem er fleiri en oft áður.

Unnið var áfram með Kara Connect í tilraunaverkefni þar sem tilgangurinn var að auðvelda yfirsýn samskipta, auka aðgengi að stuðningi og ráðgjöf og veita mikilvæga yfirsýn yfir þarfir nemenda og veitta þjónustu. Að loknu öðru ári í vinnu með Kara Connect er niðurstaða okkar sú að kerfið henti okkar starfsemi ekki nægjanlega vel.

Náms- og starfsráðgjafar eiga í góðum samskiptum við ýmsa aðila bæði innan skóla og utan. Mest er samstarfið við sálfræðing ásamt kennurum í námsveru. Þessir aðilar ásamt náms- og starfsráðgjöfum mynda stoðþjónustu skólans og funda vikulega, ýmist allur hópurinn eða hluti hans. Námsráðgjafar eiga fulltrúa í skólaráði og eru einnig hluti af stjórnendateymi skólans.

Fyrirséðar eru töluverðar mannbreytingar í stoðþjónustu MH. Inn kemur nýr sálfræðingur, nýr kennari í námsver og hjúkrunarfræðingur mun bætast við teymið. Með nýjum einstaklingum koma nýjar hugmyndir og áherslur sem verður spennandi að takast á við næsta haust.




### 2.13 Námsverið

Allir nemendur MH eru velkomnir í námsver skólans. Þar geta þeir fengið stuðning við námið. Aðstoðin er fyrst og fremst aðstoð við heimanám, aðstoð við að skilja texta í námsefni og verkefnum og við yfirlestur ritgerða og verkefna. Umhyggjusemi og stuðningur eru leiðarljós í starfi námsversins. Hverjum nemanda er mætt þar sem hann er staddur og ræða má hvaða málefni sem er. Keppst er við að leiðbeina nemendum eins og kostur er. Námsverið er opið öllum nemendum skólans frá klukkan 10:00-15:00 mánudag til fimmtudags og 9:00-14:00 á föstudögum og lengur ef þörf krefur. Opið er í hádeginu og í frímínútum. Nemendahópurinn er fjölbreyttur, á öllum getustigum og af öllum brautum skólans. Vandir þeirra getur verið námslegur, félagslegur eða tilfinningalegur. Námsverið stuðlar að samvinnu nemenda, einn hjálpar öðrum eftir því sem hægt er. Nemendur mynda gjarnan tengsl og vinna saman í náminu þannig að traust og jafnvel vinskapur verður til. Nemendur hafa tjáð sig opinskátt um að stuðningurinn sem námsverið veitir hafi skipt sköpum fyrir þá til að ljúka tilteknum áföngum og þar með stúdentsprófi frá skólanum.

Markmið námsvers MH eru að:

- Styðja nemendur í námi
- Skapa umhverfi fyrir nemendur sem þeim líður vel í
- Mæta hverjum nemanda þar sem hann er staddur
- Finna lausnir sem henta hverjum og einum


Forstöðumaður námsvers heldur utan um fjölda nemenda sem nýta sér námsverið og hversu oft þeir koma. Ítarlega tölfraði um starfseminu má sjá í ársskýrslu námsvers.



Mynd 22 Nemendur koma sumir reglulega í námsverið en aðrir kíkja við þegar þeir þurfa á aðstoð að halda.

Á haustönn 2020 þáðu 16% nemenda skólans aðstoð í námsveri og á vorönn 2021 notuðu 14% nemenda skólans þjónustu í námsveri.

Það sem helst hefur breyst í ár er að kennarar nýta námsverið meira til að leyfa nemendum að koma þangað til að taka próf sem þeir annað hvort misstu af eða þurftu meiri næði til að taka. Þessi þjónusta var áður í höndum námsráðgjafa en með stækkun námsversis gafst kostur á að færa hana þangað. Einnig má nefna þá staðreynd að mikið var um veikindi á vorönn 2022 vegna Covid og þar með mikið um að nemendur misstu af prófum sem haldin voru í kennslustundum.



## 2.14 Sálfræðingur

Sálfræðipjónustan var með svipuðu sniði og undanfarin ár. Nemendur, foreldrar eða náms- og starfsráðgjafar höfðu samband við sálfræðing skólans sem í framhaldi hafði samband við nemendur og bauð þeim ráðgjöf innan skólans. Alls nýttu 133 nemendur sér viðtöl þennan veturinn og skráð voru alls 452 viðtöl. Er þessi nýting í nokkru samræmi við tölur síðustu ára. Stærsti hluti nemenda kom að jafnaði í 2-4 viðtöl.

Fjórir þættir í hlaðvarpinu Dótakassinn voru gefnir út í vetur og í heild eru því núna 34 þættir með fræðsluefni um geðrækt og geðheilsu aðgengilegir nemendum á helstu hlaðvarpsveitum.

Eftirspurn eftir mati á einbeitingarvanda jókst þetta skólaár. Við henni var brugðist með því að skima nemendur sem eftir því óskuðu og taka saman stutta samantekt sem skilað var til nemenda og foreldra.

Lagðar voru fyrir kannanirnar Skólapúlsinn og könnun á vegum Rannsóknar og greiningar til að leggja mat á heilsu og líðan nemenda líkt og gert hefur verið síðustu ár.

## 2.15 Umhverfismál

Í MH er starfrækt umhverfisnefnd skipuð bæði nemendum og starfsfólki. Nefndarstarf tók nokkuð við sér á haust- og vorönn 2021 og 2022 þar sem röskun á skólastarfi sökum Covid-19 var mun minna en áður.

Nefndina skipuðu u.þ.b. 15 nemendur og þrjú kennarar. Kennarar héldu nokkra fundi á skólaárinu og svo voru haldnir 2 vinnufundir með nemendum. Skólinn er þátttakandi í Grænfánaverkefni Landverndar og stefnir skólinn á að fá sinn þriðja fána á vorönn 2023. Til stóð að það yrði vorið 2022 en hefur dregist vegna Covid-19. Til þess að hljóta Grænfánann þarf skólinn að sýna framfarir í umhverfismálum frá síðustu fánaveitingu. Nefndarmeðlimir eru búnir að fylla út gátlista og kortleggja hvernig skólinn getur helst bætt sig. Ákveðið var að vinna áfram með þau þrjú þemu sem samþykkt voru á síðasta skólaári:

- Neysla og úrgangur
- Samgöngur og loftlagsmál

- Hnattraent jafnrétti

Nemendur höfðu komið með margar hugmyndir að markmiðum og aðgerðum innan þessara þriggja þema og nú tókst að hrinda nokkrum þeirra í framkvæmd. Í umhverfisviku í október var m.a. haldin flokkunarkeppni til að auka vitund nemenda um flokkun, grænn dagur þar sem gefin voru verðlaun fyrir besta græna búninginn og loks fataskiptimarkaður sem tókst mjög vel. Umhverfisvikunni lauk svo með þátttöku í loftslagsverkfalli á Austurvelli. Á vorönn 2022 var haldinn plokkgdagur þar sem kennarar og nemendur tóku saman höndum um að tína rusl á skólalóðinni. Hugmyndir eru uppi um að halda slíka daga oftár.

Skólaárið 2022-2023 er stefnt að því að koma fleiri markmiðum sem samþykkt voru á síðasta skólaári í framkvæmd með það að leiðarljósi að gera MH að enn umhverfisvænni og farsælli Grænfánaskóla, þ.m.t. bæta flokkun og auka fræðslu.

## 2.16 Græn skref

MH skráði sig til leiks í verkefninu Græn skref í byrjun nóvember 2020. Verkefnið er fyrir ríkisstofnanir sem vilja draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum af starfsemi sinni og efla umhverfisvitund starfsmanna. Teymi Grænna skrefa í MH skipa rektor, konrektor, fjármálastjóri, skjalastjóri, húsvörður, fulltrúi á skrifstofu og kennari ásamt fulltrúa kennara úr umhverfisnefnd.

Skólinn náði að uppfylla kröfur þriðja græna skrefsins þann 20. desember 2021. Í því fólst m.a. að skólinn setti sér umhverfis- og loftslagsstefnu sem og markmið og aðgerðaáætlun í loftslagsmálum. Aðgerðaáætlunin er metnaðarfull og unnið verður eftir henni á næsta skólaári. Vinna við fjórða skrefið hófst á vorönn 2022 og vonandi nær skólinn að stíga það næsta haust. Margar kröfur snúa að mötuneyti og verður áskorun að ná þeim öllum svo dæmi sé tekið.

Eitt af því sem áður nefnd aðgerðaáætlun kveður á um er að skólinn stuðli að betri nýtingu hluta á sem flestum sviðum. Í byrjun maí stóð teymið fyrir fatamarkaði með það að markmiði að gefa notuðum flíkum nýtt líf. Starfsfólki gafst kostur á að koma með föt sem það var hætt að nota og bjóða öðrum að hirða. Þetta framtak féll í góðan jarðveg og verður örugglega fastur liður á hverju vori héðan í frá.

Haustið 2022 tekur Íslenska gámafélagið við sorphirðu í MH af fyrirtækinu Terra. Það hefur í för með sér einhverjar breytingar á flokkun rusls og verða auglýsingar og fræðsluefni aðlagð breyttum veruleika.

## 2.17 Persónuvernd í MH

Persónuverndarfulltrúi hefur verið í um það bil 10% starfshlutfalli í MH frá hausti 2019. Hann hefur sótt námskeið hjá Endurmenntun um alls kyns efni sem tengist starfi persónuverndarfulltrúa og unnið með stjórnendum, starfsfólki og nemendum skólans að lausn ýmissa álitamála um persónuvernd sem komið hafa upp í skólalífinu. Persónuverndarfulltrúi hefur einnig komið að gerð nokkurra vinnslusamninga sem skólinn hefur gert við vinnsluáðila persónuupplýsinga um nemendur og/eða starfsfólk skólans.

Persónuverndarfulltrúi hefur átt farsælt samstarf við persónuverndarfulltrúa nokkurra annarra framhaldsskóla. Persónuverndarfulltrúarnir hafa borið saman bækur sínar í vinnu við að skrá vinnslu persónuupplýsinga sem fram fer í skólanum í sérstaka vinnsluskrá. Þeir vörðu einnig töluverðum tíma þetta skólaár í að semja verklagsreglur um hin ýmsu mál tengd persónuvernd. Sem dæmi má nefna verklagsreglu um miðlun persónuupplýsinga, fjölpósta, öryggisbrest og fræðslu fyrir nemendafélög.

Persónuverndarfulltrúi MH aðlagði svo þessar reglur, tíu talsins, að skólaumhverfi MH. Stjórnendur skólans hafa samþykkt þær og þær verða kynntar starfsfólki og stjórn NFMH á haustönn 2022.

### 2.18 Tölvu- og tæknimál

Allir starfsmenn og nemendur vinna í Microsoft 365 umhverfinu. Um 120 kennarar og aðrir starfsmenn nota „Microsoft 365 for faculty“ og rúmlega 1000 nemendur nota „Microsoft 365 for students“. Allir Microsoft 365 notendur hafa aðgang að 1TB plássi á Onedrive til að vista sín gögn. Skólinn gerðist aðili að svokölluðu Menntaskýi á vorönn 2022 en það er skýageiri sem flestir framhaldsskólar landsins nota. Þjónustuaðili fyrir Menntaskýið er Háskóli Íslands

Adobe Creative Cloud All Apps var tekið almennilega í notkun á haustönn 2021 og nota nemendur í ljósmyndun þennan hugbúnað mikið (Photoshop, Lightroom o.fl.).

Sett var upp umsjónarkerfi fyrir 6 prentara sem eru dreifðir um skólann. Kennarar og starfsmenn geta sótt skjöl í hvaða prentara sem er með því að slá inn kóða og eyðast skjölin úr prentaranum ef ekki er sótt innan eins dags. Þetta sparar pappír og er til mikillar þæginda fyrir notandann.

Allir kennarar og flestir aðrir starfsmenn skólans fá fartölvu í eigu skólans til afnota á meðan þeir eru starfandi í MH. Nemendur hafa aðgang að borðtölvum á Miðgarði og bókasafni skólans. Tölvuver með samtals 31 borðtölvu er til staðar fyrir kennslu og önnur verkefni. Um 120 tölvur eru til í tölvuvögnum eða í skápum í kennslustofum til notkunar við kennslu. MH býr yfir mjög öflugum þráðlausu netkerfi. Samtals 67 sendar eru staðsettir í skólahúsnæðinu, þeir eru í flestöllum kennslustofum og einnig í öðrum rýmum.

### 2.19 Skjalamál

Vinna við skjalamál í MH er nú komin í nokkuð fastar skorður. Tveir starfsmenn hafa unnið sem skjalastjórar, annar í u.þ.b. 60% starfshlutfalli og hinn í 20%. Sú breyting varð haustið 2021 að sá síðarnefndi tók við starfi forstöðumanns bókasafns og er nú vinna hans við skjalamál orðin hluti af því starfi. Starfsmennirnir tveir unnu saman 4 tíma á viku að jafnaði allan veturinn. Þeim tíma var einkum varið í að fara í gegnum eldri skjöl í kössum í skjalageymslu til að kortleggja skjalasafn skólans betur. Forstöðumaður bókasafnsins hefur einnig á sinni könnu að skjala ýmsa málaflokka, reglulega allan veturinn, og vera skjalastjóra innan handar í ýmsum ákvörðunum varðandi skjalamál skólans. Nokkuð skýr verkaskipting milli þessara tveggja starfsmanna hefur fest sig í sessi varðandi skjölun mála og samstarfið gengið hnökralaust.

MH er afhendingarskyldur aðili og á að skila öllum skjölum til Þjóðskjalasafns þegar þau hafa náð 30 ára aldri. Skjölum skal skila á pappír þar til rafræn skil hafa verið samþykkt af Þjóðskjalasafni. Í skjalageymslu skólans er töluvert af skjölum eldri en 30 ára og hafa skjalastjórar unnið að því að flokka þau og raða í öskjur. Engu var skilað til Þjóðskjalasafns veturinn 2021-2022, beðið verður með næstu skil þar til fleiri öskjur verða tilbúnar til afhendingar.

Þjóðskjalasafn leggur áherslu á að ríkisstofnanir sækji um rafræn skil. Skólinn hefur ekki stigið það skref enn og er verulegur kostnaður helsta hindrunin. Skjalastjóri og rektor hafa rætt að nú fari að verða tímabært að sækja um rafræn skil. Núverandi skjalavörslutímabil endar 31. júlí 2023 og það væri freistandi að sækja um að fá að skila skjölum þess tímabils rafrænt í stað þess að þurfa að prenta út skjölin úr rafræna skjalastjórnarkerfinu GoPro sem hefur verið notað í MH frá 2019.

Innleiðing GoPro hefur að mörgu leyti gengið vel. Fjöldi mála eykst stöðugt og endurspeglar þau vel starfsemi skólans. Notendur GoPro eru 13 talsins; rektor og konrektor, fjármálastjóri, IB-stallari, 3 náms- og starfsráðgjafar, sálfræðingur, deildarstjóri sérnámsbrautar, 2 skjalastjórar, innri

úttektaraðili jafnlaunakerfis og netstjóri. Skjalastjóri hefur eftirlit með notkun kerfisins og leiðbeinir og aðstoðar notendur eftir þörfum. Aðstoðin hefur einkum farið þannig fram að skjalastjóri hefur hitt notendur, einn og einn eða í smærri hópum, og þannig hefur tekist að leysa úr málum sem upp hafa komið. Skjalastjóri gaf einnig út stutt leiðbeiningarrit undir nafninu Skjalamolar þrisvar sinnum á vorönn 2022 og hyggst halda þeirri útgáfu áfram eftir þörfum.

Hvert skjalavörslutímabil stendur í 5 ár og eins og áður segir lýkur núverandi tímabili í júlí 2023. Skjalastjóri hefur því unnið að því að yfirfara málin í GoPro, loka þeim sem eru afgreidd og kalla eftir skjölum sem augljóst er að vanti inn í mál. Þessi vinna verður væntanlega alltímafrek á næsta skólaári.

Vinna við skjöl jafnlaunakerfis MH er árviss þáttur í starfi skjalastjóra og nokkuð tímafrekur. Úttektaraðili í viðhaldsvottun jafnlaunakerfisins hefur lýst ánægju með skjalfestingu kerfisins svo skjalastjóri mun halda áfram því vinnulagi sem skipast hefur í þessum málaflokki.

Skjalastjóri hefur tekið þátt í samstarfi skjalastjóra framhaldsskóla sem nota GoPro. Samstarfið er öflugt og hefur reynst mikilvægur hlekkur í því að læra að nýta kerfið sem best. Skjalastjóri hefur sótt nokkra fundi sem varamaður í stýrihópi skjalastjóra framhaldsskólanna og Hugvits, fyrirtækisins sem rekur GoPro. Fundir stýrihópsins með forsvarsmönnum Hugvits stuðla að öflugra upplýsingaflæði milli fyrirtækisins og skólanna og þar koma skjalastjórar fyrirspurnum og óskum sínum um framþróun kerfisins á framfæri fyrir hönd allra skólanna.

## 2.20 Heimasíða

Heimasíða skólans er mjög virk og eru nokkrir starfsmenn sem hafa aðgang til að setja inn efni og viðhalda síðunni. Rektor og konrektor setja inn fréttir og skjalastjóri tekur að sér ýmiss konar lagfæringar og uppfærir upplýsingar. Markmið okkar er að heimasíðan sé lifandi og innihaldi ávallt réttar upplýsingar. Við erum mjög meðvituð um nauðsyn þess að síðan sé notendavæn og vinnum því stöðugt að því að viðhalda henni á markvissan hátt. Inn á heimasíðuna eru settir allir póstar sem sendir eru út til nemenda svo það er alltaf hægt að vísa þangað ef spurningar vakna.

Skólaskjári er upplýsingaskjári sem er staðsettur á nokkrum stöðum í húsnæði skólans og tengill á hann er á heimasíðu skólans. Hann var endurbættur á vorönn þannig að nú er mögulegt að birta myndir á honum en það gerir tilkynningar og fréttir mun líflegri og eftirtektarverðari.




## 2.21 Jafnréttismál

Störf jafnréttisnefndar skólaárið 2021-2022 voru í höndum jafnréttisfulltrúa og sneru fyrst og fremst að stuðningi og samræðu við nemendur og jafnréttisfélög nemenda (femínista- og hinsegin félögin). Endurskoðuð jafnréttisáætlun var kynnt á fyrsta kennarafundi vorannar. Ljóst er að fylgjast þarf vel með tímaramma jafnréttisáætlunar en þar leikur jafnréttisnefnd stórt hlutverk sem og aðrir ábyrgðaraðilar. Þá er mikilvægt að fjölga meðlimum svo nefndin nái að starfa að fullum krafti.

Starfsfólk skólans fékk kynningu frá Antirasistafélagi skólans á líðan litaðra nemenda og viðhorfum þeirra og upplifun í skólasamfélaginu.

Starfslýsing á hlutverki jafnréttisnefndar er í vinnslu og mun klárast í september 2022.

Töflurnar hér fyrir neðan sýna jafnréttisstuðla miðað við haustið 2022:




### 2.21.1 Jafnlaunavottun

Menntaskólinn við Hamrahlíð fékk jafnlaunavottun í júní 2020 og í júní 2022 var kerfið tekið út í annað sinn eftir vottun. Jafnlaunakerfi MH stóðst áfram kröfur staðalsins.

Markmið skólans er að starfsfólk óháð kyni njóti sömu launakjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf.

Á meðal starfsfólks skólans eru einstaklingar sem geta sinnt innri úttekktum á kerfinu og erum við lánsöm að þurfa ekki að leita út fyrir vinnustaðinn í því efni.



JAFNLAUNAVOTTUN  
2020 - 2023

### 2.22 Heilsueflandi framhaldsskóli

Fulltrúi skólans sat í samráðshópi um heilsueflandi framhaldsskóla veturinn 2021-2022 sem fundaði rafrænt nokkrum sinnum. Skólar miðluðu sín á milli ýmsum úrræðum og leiðum sem skólar hafa valið varðandi heilsueflingu.

Nemendur og kennarar tóku þátt í Hjólað í vinnuna og Lífshlaupinu sem eru heilsu- og hvatningarverkefni á vegum Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands. Nemendur Menntaskólans við Hamrahlíð lentu þetta árið í öðru sæti í Lífshlaupinu af skólum með 1000 nemendur eða fleiri.

Fulltrúi heilsueflandi verkefnisins hélt tvo fyrirlestra utan skólans um málefni tengd verkefninu heilsueflandi framhaldsskóli.

- Starfshópur um snemmbæran stuðning við nemendur á vegum Mennta- og barnamálaráðuneytisins. Netfundur 11.11.2021 – Erindi um brotthvarf og þjónustu til nemenda í áhættuhópum.
- Rannsóknir og greining, erindi um sálfræðiráðgjöf í Menntaskólanum við Hamrahlíð. Staðfundur 28.10.2021.

Á lagningardögum var ætlunin að bjóða nemendum upp á fræðsluerindi út frá áherslum Heilsueflandi framhaldsskóla. Fundir voru haldnir með nemendum og ýmsar hugmyndir kynntar varðandi mögulega fræðslu. Ekki náðist að halda þessi erindi þetta árið en stefnt er að því á næsta ári.

### 2.23 Kynningarmál

Í byrjun apríl var opið hús fyrir verðandi nýnema. Kynningin tókst vel og almenn ánægja var með kynningar deilda, kórsöng og kynnisferðir nemenda um skólann. Um 1000 gestir komu í hús og var það langþráð stund að fá gesti inn í skólann eftir Covid-takmarkanir síðustu missera. Einnig voru námsráðgjafar og kennarar í námsveri á staðnum til að kynna námsbrautir skólans ásamt því að svara almennum fyrirspurnum. Náms- og starfsráðgjafar buðu tilvonandi nemendum sem ekki áttu heimangengt þennan dag upp á tvær kynningar í síðari hluta aprílmánaðar sem voru vel sóttar.

#### 2.23.1 Kynningarmiðlar

Skólinn hefur jafnt og þétt aukið notkun sína á rafrænum kynningarmiðlum, t.d. facebook, YouTube og Instagram. Sérstök kynningarmyndbönd hafa verið gerð þar sem rætt var við útskrifaða MH-inga um lífið og tilveruna í MH. Kynningarmyndböndin eru aðgengileg inn á [YouTube-síðu](#) skólans en þeim er einnig deilt inn á facebook-síðu MH. [Facebook-síða](#) skólans er með um 2600 fylgjendur og þar eru settar inn áhugaverðar fréttir sem tengjast skólstarfinu. Á meðan skólinn tekur á móti umsóknum eru keyptar auglýsingar á facebook til að vekja athygli á skólstarfinu og náminu. Skólinn hóf að nota

Instagram á vorönn 2022. Notkunin er enn á frumstigi en stefnt er að því að auka hana jafnt og þétt á komandi misserum enda notar unga fólkið Instagram töluvert meira en facebook.

Allt [kynningarefni skólans](#) er aðgengilegt á einum stað á heimasíðu skólans þar sem má fræðast um skólastarfið, skoða bygginguna og kennslustofur og sjá viðtöl við MH-inga.

### 3 Covid-19 veturinn 2021-2022

Heimsfaraldurinn hélt áfram veturinn 2021 til 2022 og til að átta sig á umfangi og áhrifum hans á skólastarfið er ágætt að skoða þær sóttvarnarreglur og takmarkanir sem voru á skólastarfinu yfir veturinn.

#### 3.1 Covid-reglur í MH haust 2021

- 18. ágúst, **grímuskylda** ef ekki er hægt að halda 1m fjarlægð, hámarksfjöldi 200 í rými, blöndum hópa heimil, sótthreinsa milli hópa. Sömu reglur um viðburði á vegum nemendafélaga. Nýnemar komu í skólann í tveimur hópum vegna fjöldatakmarkana.
- 11. október, **ekki lengur grímuskylda** í almenningsrýmum skólans.
- 25. október, hætt að leyfa neyslu matar og drykkjar í kennslustofum.
- 8. nóvember, hertar sóttvarnarreglur, **grímuskylda í MH**, nemendur með einkenni COVID-19 eiga ekki koma í skólann, fara í COVID-próf og tilkynna forföll í INNU.
- 15. nóvember, nemendur mega vera 50 saman og viðhalda 1m reglu. **Grímuskylda í MH**, taka má grímur niður þegar nemendur hafa fengið sér sæti í kennslustofum. Leyfilegt að snæða nesti í stofum milli kennslustunda. Nemendur sótthreinsa borð eftir notkun. Gangar eru ferðarými. Rými á Matgarði eru hólfuð niður og nemendur forðast hópamyndanir. Norðurkjallari getur rúmað 50 nemendur í fremra rými og 30 í aftara rými. Viðburðir á vegum NFMH munu taka mið af nýjum reglum.
- 1. desember, nemendur mega taka grímur niður í prófum.
- 10. desember, vegna útskriftar, tveir gestir með nemanda, athöfn streymt og gestir þurfa að hafa grímur. Allir sem koma á brautskráningu þurfa að fara í hraðpróf til að mega sækja athöfnina. Útskriftarefni mega taka niður grímur uppi á sviðinu. Starfsfólk MH mun sitja á Miðgarði. Einstaklingsmyndataka.

#### 3.2 Covid-reglur í MH vor 2022

- 4. janúar, skólabyrjun frestað til 10. janúar (í stað þess að byrja 6. janúar). Nýnemar boðaðir í skólann 5. jan. kl. 13.00. Nemendur sem hafa farið til útlanda þurfa að fara í sýnatöku og bíða eftir niðurstöðum áður en þau koma í skólann.
- 10. janúar, rafræn skólasetning. **Grímuskylda í MH**. 1 metra regla. Kennarar í sóttkví kenna í gegnum kennslukerfið. Kennarar með Covid-19 leystir af ef hægt er.
- 11. janúar, breytingar á fjarvistaskráningu í INNU: Kóðar C = Covid, K = sóttkví.
- 13. janúar, hertar sóttvarnarreglur grímuskylda, 2 metra regla. Má taka grímur af meðan matast er.
- 25. janúar, nýjar reglur um sóttkví og smitgát.
- 14. febrúar, **tilslakanir á grímuskyldu** í almennum rýmum, heimilt að taka niður grímur í sætum í skólastofum. Félagslíf nemenda án takmarkana.
- 25. febrúar, **ekki grímuskylda í MH** en nemendur eru hvattir til að hugsa vel um persónulegar sóttvarnir.



## 4 Samantekt og umbætur

Sjálfsmat er gert til að stofnun eins og MH viðhaldi því sem vel er gert og bæti það sem betur má fara. Sjálfsmatið á að vera ferli sem er virkt allt skólaárið og fylgir ákveðinni áætlun. Sjálfsmatsáætlun skólans hefur ekki verið endurnýjuð í nokkur ár og þarfnast því endurskoðunar. Í sjálfsmatsskýrslum undanfarinna ára hefur verkefnalisti verið settur fram og væntanlega væri hægt að vinna sjálfsmatsáætlun upp úr þeim lista.

Áfram þurfum við að hugsa hvernig við getum unnið skýrsluna þannig að hún nýtist okkur sem best. Enn fremur þarf að festa betur í sessi hvaða kannanir eru gerðar og skilgreina tilgang þeirra.

Covid hélt áfram skólaárið 2021 til 2022 svo ýmislegt var öðruvísi en vanalega. Mikil veikindi einkenndu skólaárið og þörf fyrir afleysingar var mikil. Við erum því öll farin að bíða eftir venjulegum vetri í skólastarfinu.

### 4.1 Verkefni skólaársins 2021-2022

**Græn skref:** Halda áfram að vinna í þeim og gera stóráttak í flokkun rusls.

**Niðurstaða:** Þriðja skrefið náðist fyrir jól og unnið er að fjórða skrefi.

**Umhverfismál:** Vinna áfram að Grænfánaverkefninu og tengja það vinnu við Græn skref. Verða til fyrirmyndar í flokkun rusls.

**Niðurstaða:** Mikið verkefni sem gengur ágætlega og er í sífelldri endurskoðun. Nýr fáni var dreginn að húni í vetur þar sem gamli fáninn var orðinn lúinn.

**Jafnréttisáætlun:** Vinna markvisst eftir henni.

**Niðurstaða:** Á kennarafundi var kynning frá antirasistum í MH. Áætlunin var endurskoðuð í mars þar sem ýmislegt hafði ekki verið framkvæmt sökum Covid. Nýr fulltrúi tekur við haust 2022.

**Nemendur:** Fylgjast vel með breytingum á notkun persónufornafna og nöfnum og einnig líðan nemenda í MH. Stefnt er að því að búa til sérstaka búningsaðstöðu fyrir nemendur sem ekki geta farið í almenna búningsklefa.

**Niðurstaða:** Búningsaðstaða tekin í notkun þar sem þau sem vilja geta fengið að hafa fataskipti og fara í sturtu í sérrými. Íþróttakennarar geyma lykilinn að aðstöðunni. Í prófunum vorið 2022 fengu nemendur sem ekki eru með sama nafn á skilríkjum og í Innu staðfestingarskjal hjá námsráðgjöfum sem sýndi nafn þeirra og kennitölu og gilti sem skilríki í prófunum.

**Lífsleikni nýnema:** Áfanginn LÍFS1AA03 verður kenndur haust 2021 eftir breyttu fyrirkomulagi. Vinna er í gangi við að endurskoða hann og leggja meiri áherslu á nemandann sjálfan.

**Niðurstaða:** Mikil endurskoðun var í gangi og heldur áfram. Nýr fagstjóri yfir lífsleikni var skipaður frá og með hausti 2022 sem leiðir af sér mikla naflaskoðun á lífsleikni nýnema og lífleikni útskriftarefna.

**Húsnæði:** Halda áfram endurbótum á húsnæði og vonast eftir að svalir íþróttahússins verði yfirbyggðar og matsala nemenda verði tekin í gegn.

**Niðurstaða:** Hvorki svalir né matsala eru komnar. Hins vegar voru gerðar miklar endurbætur á kennarastofu sumarið 2022. Loft var endurnýjað sem og salerni starfsfólks.

## 4.2 Verkefni skólaársins 2022-2023

**Húsnæði:** Laga loft á kennarastofunni og einnig setja ný kynlaus klósett þar. Þetta á að vera tilbúið haust 2022.

**Nýr sálfræðingur:** Nýr sálfræðingur tekur við haustið 2022 og verður í skólanum 3 daga í viku.

**Samstarf við heilsugæslu hverfisins:** Samstarf hefst við heilsugæslu hverfisins og verður hjúkrunarfræðingur í MH einn dag í viku.

**Breytingar í námsveri:** Nýr kennari mun hefja störf í námsveri og vera til staðar 8 klukkutíma á viku. Kennarinn er sérhæfður í raungreinum og stærðfræði.

**Ný fagstjórastaða:** Fagstjórn í lífsleikni hefur heyrt undir námstjóra í íslensku og félagsgreinum en frá og með hausti 2022 verður ráðinn sérstakur fagstjóri í lífsleikni. Viðkomandi fagstjóri mun einnig kenna lífsleikni útskriftarefna sem hingað til hefur verið í höndum rektors. Vænta má ýmissa breytinga og verður gaman að fylgjast með því.

**Félagslíf nemenda:** Félagslífið hjá nemendum hefur legið að stórum hluta niðri og hefðir og venjur lagst af. Eitt af verkefnum næsta skólaárs er að fylgjast vel með því og styðja nemendafélagið til að halda uppi öfluglu félagslífi.

**Græn skref.** Íslenska gámafélagið tekur við sorphirðu í MH. Það hefur m.a. þau áhrif að flokkun breytist lítillega og því þarf að uppfæra kennslufni og leiðbeiningar um flokkun innanhúss.

**Grænu skrefin 5** – klára þau og vinna eftir þeim.

**Grænfánaverkefni:** Skólinn er þátttakandi í Grænfánaverkefni Landverndar og stefnir skólinn á að fá sinn þriðja fána á vorönn 2023.

**Margnota skálar og skeiðar.** 30. ágúst 2022 var grautur ausinn í margnota skálar í fyrsta sinn og notkun einnota skála hætt. Verkefni haustsins er að skipuleggja uppvask á þeim og jafnvel fá nemendum í CAS á IB-braut það hlutverk að fylgjast með frágangi skálanna.

### 4.2.1 Aðgerðaáætlun til næstu þriggja ára

**Endurskoðun námsbrauta.** Endurskoða námsbrautir með tilliti til umhverfis- og jafnréttismála.

**Þjónustukannanir.** Leggja kannanir fyrir nemendur á hverri haustönn. Annað hvert ár um stoðþjónustu og hitt árið skrifstofu og stjórnendur.

**Skólapúlsinn.** Kanna markvisst líðan nemenda á hverju ári í gegnum könnunina Skólapúlsinn.

**Endurmenntun kennara og stjórnenda.** Hvetja til nýtingar á sjóðum innan skólans til endurmenntunar og nýta tækifæri sem talin eru upp í stofnanasamningi. Senda a.m.k. 3-5 kennara og stjórnendur á IB-námskeið á hverju ári.

**Menntabúðir.** Halda kennslufræðiráðstefnu með öðrum skólum annað hvert ár. Haldið með Verzlunarskóla Íslands 2022 og stefnt á námsstefnu vor 2023 með þeim eða fleirum.

**Tölvur og tækni.** Endurnýjun á tölvukosti starfsfólks: Hófst 2021 með örútbóði.

**Nýtt mótuneyti nemenda** er í hönnunarferli í samráði við arkitekta skólans. Við vonumst til að framkvæmdir við það hefjist sumarið 2023.

**Endurnýjun húsgagna** í kennslustofum hófst 2020 og á að ljúka á u.þ.b. fjórum árum.

**Byggja yfir svalir** á íþróttahúsi og stækka tækjasal.

**Húsnæðið** krefst viðhalds að utan og þarf að hefja framkvæmdir sem fyrst.

**Byggja upp félagslíf** með nýjum hefðum eftir Covid.

**Grænuskrefin 5** – ná þeim sem fyrst.